

Þingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson

650 LAUGAR

Garðabær, 23. nóvember 2023
Málsnúmer: 202311-0006
LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis að Sandabrotum, Þingeyjarsveit

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 2. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Sandabrotum, Þingeyjarsveit. Unnið er samhlíða að gerð breytingar á aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag er í gildi á fyrir svæðið en aðliggjandi frístundabyggð í Birkilandi hefur deiliskipulag.

Fyrirhugað er að reisa allt að 20 smáhýsi, 30-40 m² að stærð með allt að 80 gistirúm til útleigu ferðamanna, auk einbýlishúss til fastrar búsetu. Skipulagssvæðið er 60.543 m² að stærð, með góðri aðkomu frá Grjótagjárvegi. Vatns- og raflagnir liggja nálægt svæðinu og því auðvelt að tengja svæðið veitum sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í skipulagslýsingu vantar kort sem sýnir afmörkun svæðisins, en miðað við þau mörk sem birt eru í Skipulagsgáttinni (sjá meðfylgjandi skjáskot hér fyrir neðan) nær það yfir tvö hraun runnin á nútíma, hraun frá Hverfellseldum, tæplega 3000 ára, og Hverfellsbruna runnið á sögulegum tíma í Daleldum árið 1100. Þessi tvö hraun njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og er verndargildi Hverfellsbruna metið hátt.

Í skipulagslýsingu er minnst á hraundrýli sem Náttúrufræðistofnun hefur ekki upplýsingar um, hvorki gerð þeirra eða staðsetningu. Hjá Hellarannsóknarfélagi Íslands eru skráðir tveir hraunhellar í nálægð svæðisins sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þetta tvennt, hraundrýli og hraunhella, þarf að skoða betur áður en farið er í framkvæmdir innan svæðisins. Náttúrufræðistofnun telur að hlífa eigi hrauninu Hverfellsbruna fyrir hverskonar raski.

Svæði deiliskipulagsins liggur mjög nálægt gliðnunar – og misgengissprungu, Grjótagjá, sem tilheyrir Kröflu eldstöðvakerfinu. Varhugavert er að skipuleggja þjónustusvæði í nálægð slíkra sprungna vegna jarðskjálfta- og eldgosahættu. Þá er staðsetning á nýju deiluskipulagi í nálægð náttúruverndarsvæða með mikla landslagsfegurð og hefur áframhaldandi uppbygging áhrif á heildarásýnd svæðisins. Nú þegar er risin frístundabyggð, Birkiland, og til stendur að bæta við verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Náttúrufræðistofnun telur að þörf sé á heildarskipulagi til framtíðar þar sem tekið er tillit til náttúruverðmæta og landslags svæðisins



og hversu langt á að ganga í skipulagningu á frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði á þessu einstaka svæði.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

